

## SKILMÁLAR :

### FYRIR FRÍSTUNDAHÚS VIÐ STEKKJARDAL, MÚLENDI OG NORÐURHOLT



## ÚTSÝNISHÓLL

#### Húsagerð og litir:

Á öllum lóðum er heimilt að byggja hús sem að hámarki mega vera 90 m<sup>2</sup> að stærð og geymsluhús í tengslum við verönd sem að hámarki má vera 15 m<sup>2</sup>. Undantekning er lóðin Múlendi 1 en þar er heimilt að byggja tvö hús innan byggingarreits enda séu þau svipaðrar gerðar og í sömu litum. Minna húsið má ekki yfirgnæfa aðalhúsið og ekki vera stærra en 60 m<sup>2</sup>.

Hús skulu vera einnar hæðar timburhús með mænispaki. Hæð á mæni má vera 3.5-4.0 m yfir gólfi. Gaflar skulu snúa sem næst í sv/na. Þaklitur skal vera svagrár og veggir brúnir. Pallar eru leyfðir við hús. Þá þarf að sýna á byggingarnefndarteikningum.

#### Byggingarreitur:

Byggingarreitur skal vera 10 m frá lóðarmörkum hið minnsta, 50 m frá Hraunholtaá og 10 m frá rafmagnslínunum. Byggingar og rotþrær verða að vera innan byggingarreits.

#### Bílastæði:

Sjá skal fyrir a.m.k. 2 bílastæðum á hverri lóð.

#### Frágangur á lóðamörkum:

Samráð skal hafa við nágranna um frágang á sameiginlegum lóðamörkum.

#### Rafmagn og útilýsing:

Gert er ráð fyrir að rafmagn sé í húsunum og það sé einnig notað til upphitunar. Olíukynding er ekki leyfð ef kostur er á annarri upphitun. Útiljós skal vera á hverju húsi. Hæð á ljósastaurum utandyra skal að hámarki vera 120 cm og lýsingin skermuð.

#### Gróður:

Landslag er einstakt á þessum stað, því má ekki nota lúpínu til uppgræðslu. Mælst er til að menn haldi sig við birki, reynivið og víðitegundir en forðist gróðursetningu barrtrjáa.

#### Önnur ákvæði:

Önnur ákvæði um réttindi og skyldur leigusala gagnvart leigutaka og leigutaka gagnvart leigusala koma fram í samningum milli fyrrnefndra aðila.



Ljósritað af uppdretti sem er vistadur  
í skjalasafni. inntöminn 1. júlí 2003  
málsnúmer 2002110059